

Sveitarfélagið Hornafjörður  
b.t. Gunnlaugur Róbertsson  
Skipulagsstjóri  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Hella 22. maí 2018  
UST201803-304/J.S.J.  
10.04.03

### Tillaga að deiliskipulag - Frístundabyggð - Myllulækur


Vísað er til erindis skipulagsstjóra sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 19. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi við Myllulæk í landi Stjórulágar.


Fram kemur að deiliskipulagið nær yfir rúmlega 11,3 ha landspildu úr landi Stórulágar 2. (landnr. 223981) í Sveitarfélaginu Hornafirði. Deiliskipulagið tekur til 12 lóða á frístundasvæði auk tjaldsvæðis meðfram Myllulæk að norðanverðu.

Fram kemur í tillögu að deiliskipulagi að frárennsli verður leitt í sameiginlegt hreinsivirki sem er innan byggingareits B1. Þar sem frágangur verður skv. reglugerð um fráveitur nr. 798/1999. Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhuguð frístundabyggð og tjaldsvæði er í námunda við vatnið Þveit, sem tilheyrir vistgerð flatlendisvatna. Verndargildi slíkra vistgerða er skilgreint mjög hátt, skv. Náttúrufræðistofnun Íslands og er hún á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Huga þurfi því sérstaklega að frárennismálum svæðisins á þann hátt að verndargildi vistgerðarinnar rýrni ekki.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14., Skipulag við vötn, ár og sjó, „í þéttbýli skal lögð áhersla á að almennigur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“ Umhverfisstofnun bendir á að vegaframkvæmdir eru framkvæmdir og skv. skipulagsreglugerð skal ekki framkvæma nær ám, sjó og vötnum en 50 m.

Virðingarfyllst

  
Jón Smári Jónsson  
Sérfræðingur

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur